



---

Verðbréfalýsing  
LNET 09 1  
Desember 2009

---

## Efnisyflirlit

<b>1</b>	<b>ÁHÆTTUÞÆTTIR</b> .....	<b>1</b>
1.1	ALMENNT .....	1
1.2	ENDURGREIÐSLUÁHÆTTA.....	1
1.3	MARKAÐS- OG SELJANLEIKAÁHÆTTA .....	2
1.4	LAGABREYTINGAR.....	2
1.5	VERÐTRYGGING.....	2
<b>2</b>	<b>ORÐSKÝRINGAR</b> .....	<b>2</b>
<b>3</b>	<b>ÁBYRGIR AÐILAR</b> .....	<b>3</b>
3.1	YFIRLÝSING OG ÁBYRGÐ ÚTGEFANDA.....	3
<b>4</b>	<b>UMSJÓNARADILI</b> .....	<b>3</b>
<b>5</b>	<b>HELSTU UPPLÝSINGAR</b> .....	<b>4</b>
5.1	TILGANGUR ÚTGÁFU .....	4
5.2	HAGSMUNIR EINSTAKLINGA OG LÖGADILA SEM TENGJAST ÚTGÁFUNNI .....	4
<b>6</b>	<b>UPPLÝSINGAR UM SKULDABRÉFIN</b> .....	<b>4</b>

# 1 Áhættuþættir

## 1.1 Almenn

Umfjöllun um áhættuþætti sem tengjast rekstri Landsnets hf. (útgefanda), er að finna í 1. kafla útgefandalýsingar Landsnets hf. frá 21. desember 2009. Fjárfestum er bent á að kynna sér sérstaklega vel og ítarlega alla umfjöllum um áhættuþætti í rekstri útgefanda í ofangreindri útgefandalýsingu auk umfjöllunar um áhættuþætti í verðbréfalýsingu þessari áður en ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfum útgefanda er tekin. Verðbréfalýsing þessi og útgefandalýsing Landsnets hf. mynda því saman lýsinguna vegna skuldabréfanna LNET 09 1 sem tekin eru til viðskipta.

Áhættuþættir sem tengjast almennt skuldabréfum útgefanda í flokki LNET 09 1 eru tilgreindir hér að neðan.

Eftirfarandi eru þeir áhættuþættir sem stjórn og framkvæmdarstjórn útgefanda álíta að skipti máli fyrir skuldabréfin sem taka á til viðskipta svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim. Áhættuþættir sem útgefanda er ekki kunnugt um við dagsetningu verðbréfalýsingarinnar, geta skipt máli fyrir skuldabréfin.

Fjárfestum er bent á að fjárfesta ekki í skuldabréfunum nema þeir búi yfir nægilegri þekkingu á fjármálamarkaði og geti metið þætti svo sem skuldara-, markaðs- og seljanleikaáhættu og aðra þá þætti á markaði sem geta haft áhrif á verðgildi og seljanleika skuldabréfanna.

## 1.2 Endurgreiðsluáætla

Útgefandi skuldbindur sig til að endurgreiða skuldabréfin á gjalddaga. Skuldbinding útgefanda er bein, óskilyrt og án frekari tryggingar. Krafa skuldabréfaeigenda til endurgreiðslu skuldabréfanna nýtur ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur útgefandanum og er jöfn öðrum ótrygðum kröfum á hendur honum.

Ef útgefandi brýtur gegn þeim sérstöku skilyrðum sem eiga við skuldabréfið þá er skuldabréfaeigendum heimilt að gjaldfella útstandandi höfuðstól skuldabréfanna eins og hann er hverju sinni:

- Verði útgefandi ekki að meirihluta í eigu ríkisins, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem alfarið eru í eigu þessara aðila.
- Verði gerðar verulegar breytingar á starfsemi útgefanda samkvæmt lögum nr. 75/2004 um stofnun Landsnets hf.
- Ef útgefandi veðsetur eignir sínar umfram það sem mælt er fyrir, útgefanda er þó heimilt að veðsetja eign eða tækjabúnað sem tryggingu fyrir greiðslu þeirrar eignar eða tækjabúnaðar sem veðsettur er enda sé um að ræða kaup á nýjum eignum eða tækjabúnaði.
- Ef aðrar skuldir útgefanda eru gjaldfelldar af viðkomandi kröfuhafa, svo fremi sem um er að ræða vanefnd að heildarfjárhæð a.m.k. ISK 2.000.000.000 eða jafngildi í viðkomandi mynt, þó að undanskildum gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningi dagsettum 27. nóvember 2007 við Kaupþing banka hf.

Útgefandi hefur ekki í tengslum við útgáfu skuldabréfanna tekist á hendur frekari skyldur sem takmarka heimildir hans til frekari lántöku, þar með talið til töku lána sem eru jafnrétthá og skuldabréfin.

Skuldabréfaeigendur bera þá áhættu að útgefandi geti ekki endurgreitt höfuðstól, verðbætur eða vexti skuldabréfanna á gjalddaga.

### **1.3 Markaðs- og seljanleikaáhætta**

Með markaðsáhættu er átt við þá áhættu sem sameiginleg er öllum verðbréfum í sama flokki. Skuldabréf LNET 09 1 hafa ekki áður verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Þrátt fyrir að sótt hafi verið um töku skuldabréfanna til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf. er ekki hægt að ábyrgjast skilvirkan markað með skuldabréfin. Þá hvílir engin skylda á útgefanda til að viðhalda slíkum skilvirkum markaði. Útgefandi verður ekki með viðskiptavakt á skuldabréfunum.

Breytingar á vöxtum geta orðið á markaði. Markaðsvirði skuldabréfs hækkar ef almennir vextir lækka og öfugt. Vaxtaáhættan er meiri eftir því sem skuldabréfin eru lengri.

Seljanleikaáhætta er skilgreind sem sú áhætta sem felst í því hversu auðvelt eða erfitt er að selja verðbréf á verði sem næst raunvirði. Mælikvarði fyrir áhættuna er bilið á milli kaup- og sölutilboða á markaði. Áhættan er bæði fólgin í magni, það er að markaðurinn taki við því magni sem vilji er til að selja á raunvirði hverju sinni, en einnig er áhætta fólgin í verði, þar sem mikið magn samkynja verðbréfa getur haft veruleg áhrif á verðmyndun verðbréfanna.

Gera má ráð fyrir að seljanleiki skuldabréfanna og markaðsverð breytist í takt við breytingar á markaði, hagsveiflur, fjárhagslega afkomu útgefanda og aðra þætti sem almennt hafa áhrif á markaðsverð verðbréfanna sem og seljanleika þeirra.

### **1.4 Lagabreytingar**

Um útgáfu skuldabréfanna gilda íslensk lög eins og þau eru á útgáfudegi verðbréfalýsingarinnar. Útgefandi getur ekki borið neina ábyrgð á lagabreytingum, niðurstöðu dómstóla eða ákvörðunum stjórnvalda eftir útgáfudag skuldabréfanna.

### **1.5 Verðtrygging**

Skuldabréfin eru verðtryggð og bundin vísitölu neysluverðs. Verðbólga og verðhjöðnun hafa áhrif á greidda vexti skuldabréfanna þar sem höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli gjalddaga. Höfuðstóll skuldarinnar er reiknaður út áður en vextir eru reiknaðir.

## **2 ORÐSKÝRINGAR**

Í verðbréfalýsingu þessari vísa „útgefandi“, „fyrirtækið“, „félagið“, „Landsnet“ eða „Landsnet hf.“ til Landsnets hf., kennitala 580804-2410, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík, nema annað megi lesa af orðalagi eða samhengi.

Í verðbréfalýsingu þessari vísa „umsjónaraðili“, „Saga Capital“ eða „Saga Capital Fjárfestingarbanki hf.“ til Saga Capital Fjárfestingarbanka hf., kennitala 660906-1260, Hafnarstræti 53, 600 Akureyri, nema annað megi lesa af orðalagi eða samhengi.

Þegar vísað er til reglugerða og laga í þessari verðbréfalýsingu er vísað til íslenskra laga og reglugerða, nema annað megi lesa af orðalagi eða samhengi.

### 3 Ábyrgir aðilar

#### 3.1 Yfirlýsing og ábyrgð útgefanda

Stjórnarformaður og forstjóri fyrir hönd Landsnets hf., kennitala 580804-2410, Gylfaflöt 9, 112, Íslandi, lýsum því yfir að samkvæmt okkar bestu vitund eru upplýsingarnar sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 21. desember 2009  
f.h. Landsnets hf.

---

Friðrik Már Baldursson  
Stjórnarformaður

---

Þórður Guðmundsson  
Forstjóri

### 4 Umsjónaraðili

Saga Capital Fjárfestingarbanki hf., kennitala 660906-1260, Hafnarstræti 53, 600 Akureyri hefur aðstoðað og ráðlagt útgefanda við gerð verðbréfalýsingar þessarar. Við gerð hennar var aflað þeirra gagna sem að mati umsjónaraðila voru nauðsynlegar til að gefa rétta mynd af skuldabréfunum. Saga Capital Fjárfestingarbanki hf. hefur ekki sannreynt þær upplýsingar sem fram koma í verðbréfalýsingu þessari eða aðrar upplýsingar sem tengjast skuldabréfaútgáfunni.

Saga Capital Fjárfestingarbanki hf., hefur umsjón með útgáfu skuldabréfa LNET 09 1. Umsjónaraðili skal koma fram sem tengiliður milli skuldabréfaeigenda og útgefanda. Umsjónaraðili skal taka á móti tilkynningum frá útgefanda um atriði sem varða getu hans til þess að greiða af skuldabréfunum eða öðrum þeim atriðum sem geta varðað gjaldfellingu þeirra. Slíkar tilkynningar skal útgefandi jafnframt ávallt senda til NASDAQ OMX Iceland hf. Ef til gjaldfellingar kemur skal umsjónaraðili kalla saman fund skuldabréfaeigenda og leggja fram tillögu um óháðan umboðsmann skuldabréfaeigenda sem gætir hagsmuna þeirra gagnvart útgefanda og öðrum kröfuhöfum. Umboðsmaður verður skipaður með samþykki einfalds meirihluta skuldabréfaeigenda. Skuldabréfaeigendur bera allan kostnað af skipan slíks umboðsmanns.

Akureyri, 21. desember 2009  
f.h. Saga Capital Fjárfestingarbanka hf.

---

Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson  
Forstjóri

---

Ómar Sigtryggsson  
Frankvæmdastjóri Markaðsviðskipta

## 5 Helstu upplýsingar

### 5.1 Tilgangur útgáfu

Tilgangur útgáfu er fjármögnun á starfsemi útgefanda.

### 5.2 Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast útgáfunni

Útgefanda er ekki kunnugt um hagsmuni aðila er tengjast útgáfunni sem skipta máli fyrir útgáfuna.

## 6 Upplýsingar um skuldabréfin

**Útgefandinn:** Landsnet hf., kennitala 580804-2410, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík. Útgefandi er hlutafélag, skráð á Íslandi og starfar eftir lögum um hlutafélög nr. 2/1995.

Útgefandi starfar jafnframt samkvæmt sérleyfi frá Iðnaðarráðherra og samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 og lögum um stofnun Landsnets hf. nr. 75/2004.

**Heimild fyrir útgáfu:** Stjórn Landsnets samþykkti þann 24. september 2009 að gefa út verðtryggðan skuldabréfaflokk sem skal vera opinn að stærð. Nú þegar hafa verið útgefin og seld skuldabréf samtals að nafnverði ISK 5.000.000.000. Ekki liggur fyrir stækkun á flokknum við dagsetningu verðbréfalýsingar þessarar.

**Upphæð tekin til viðskipta nú:** Þegar hafa verið gefin út ISK 5.000.000.000 í skuldabréfaflokknum. Umsókn hefur verið lögð fram til NASDAQ OMX Iceland hf. um að skuldabréf að upphæð ISK 5.000.000.000 verði tekin til viðskipta í samræmi við lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Áætlað er að þann 23. desember 2009 verði skuldabréfin tekin til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf.

**Útgáfudagur skuldabréfanna:** 22. október 2009

**Auðkenni:** Auðkenni bréfanna er LNET 09 1 og ISIN auðkenni er IS0000019537

**Stærð nafnverðs fjárhæðar og lánstími skuldabréfanna:** Nafnverð flokksins er ISK 5.000.000.000. Skuldabréfin eru jafngreiðslubréf til 25 ára með afborgana- og vaxtagreiðslum á sex mánaða fresti, 15. apríl og 15. október.

**Nafnvextir og verðtrygging:** Skuldabréfin bera 5% fasta verðtryggða vexti sem reiknast árlega. Fyrsti vaxtadagur er 01.10.2009. Skuldabréfið er jafngreiðslubréf til 25 ára með afborgana- og vaxtagreiðslum á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn 15.04.2010 og með lokagjalddaga 15.04.2034. Fjöldi gjalddaga eru samtals 49.

Dagaregla er 30E/360. Skuldabréfin eru bundin vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu í október 2009, sem er 346,9 stig. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölnni frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölnni milli síðari gjalddaga. Höfuðstóll skuldarinnar er reiknaður út áður en vextir eru reiknaðir.

**Ávöxtunarkrafa:** Ávöxtunarkrafa skuldabréfanna á fyrsta söludegi útboðsins var 5,20%

**Gjaldmiðill:** Skuldabréfin eru gefin út í íslenskum krónum (ISK).

**Einingar:** Skuldabréfin eru gefin út í ISK 10.000.000 einingum.

**Sölutrygging:** Skuldabréfin voru ekki sölutryggð.

**Fyrirkomulag sölu:** Saga Capital Fjárfestingarbanki hf. annaðist sölu skuldabréfanna og hefur þegar selt skuldabréf að nafnverði ISK 5.000.000.000 til fagfjárfesta í lokuðu útboði.

**Uppgreiðsluheimild:** Engin uppgreiðsluheimild er á skuldabréfunum.

**Víkjandi ákvæði:** Engin víkjandi ákvæði gilda um skuldabréfin.

**Sérstök skilyrði:** Kröfur skuldabréfaeigenda samkvæmt skuldabréfaflokki þessum eru ávallt jafnréttháar (e. pari passu) innbyrðis og skulu á hverjum tíma vera jafnréttháar öðrum ótryggðum skuldbindingum útgefanda, öðrum en víkjandi kröfum og skuldbindingum sem samkvæmt lögum njóta forgangs umfram aðrar ótryggðar skuldbindingar. Óheimilt er að veita öðrum jafnréttháum skuldbindingum sérstakar tryggingar fyrir greiðslu þeirra, nema að því marki sem greinir í lið d) í upptalningu hér að neðan.

Skuldabréfaeigendum er heimilt að gjaldfella útstandandi höfuðstól skuldabréfanna eins og hann er hverju sinni ef útgefandi brýtur gegn þeim sérstöku skilyrðum sem hér koma fram eða ef eitthvað eitt eftirfarandi tilfella mun eiga sér stað:

- a) Ef skuldabréfaflokkurinn verður ekki skráður á NASDAQ OMX Iceland hf. fyrir 31.12.2009.
- b) Útgefandi verður ekki í meirihluta-eigu ríkisins, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem alfarið eru í eigu þessara aðila.
- c) Verði gerð veruleg breyting á starfsemi útgefanda samkvæmt lögum nr. 75/2004 um stofnun Landsnets hf.
- d) Útgefandi veðsetur eignir sínar umfram það sem mælt er fyrir um í þessu ákvæði. Útgefanda skal heimilt að veðsetja eign eða tækjabúnað sem tryggingu fyrir greiðslu þeirrar eignar eða tækjabúnaðs sem veðsett er enda sé um að ræða kaup á nýjum eignum eða tækjabúnaði.

e) Ef aðrar skuldir útgefanda eru gjaldfelldar af viðkomandi kröfuhafa, svo fremi sem um er að ræða vanefnd að heildarfjárhæð a.m.k. kr. 2.000.000.000 eða jafngildi í viðkomandi mynt, þó að undanskildum gjaldmiðla- og vaxtarskiptasamningi dagsettum 27. nóvember 2007 við Kaupþing banka hf.

**Gjaldfelling:** Ef einhver skuldabréfaeigandi í þessum skuldabréfaflokki gjaldfellir skuldina í samræmi við ákvæði skuldabréfaflokksins skal útgefandi upplýsa aðra skuldabréfaeigendur um slíka gjaldfellingu. Útgefandi skal tilkynna um gjaldfellingu í gegnum fréttakerfi NASDAQ OMX Iceland hf. sama dag og slík tilkynning berst honum.

**Tryggingar:** Útgefandi ábyrgist skilvísa og skaðlausa endurgreiðslu skuldabréfanna með tekjum sínum og eignum. Skuldabréfin greiðast á eftir kröfum sem tryggðar eru með veði í eignum fyrirtækis. Engin sérstök réttindi, hlunnindi eða forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á skuldabréfunum.

**Fyrningarákvæði:** Um fyrningu krafa gildir ákvæði laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007. Samkvæmt 5. gr. laganna fyrnist höfuðstóll skuldabréfanna á tíu árum frá gjalddaga. Vextir skuldabréfanna fyrnast á fjórum árum frá gjalddaga skv. 3. gr. sömu laga.

**Viðtökudráttur og vanskil:** Ef ekki er tengdur bankareikningur við VS reikning eiganda skuldabréfs, sbr. 5. tl. 9. gr. reglugerðar nr. 397/2000 um rafræna eignaskráningu verðbréfa í verðbréfamíðstöð skal eigandinn snúa sér til útgefanda til að móttaka greiðslu. Verði greiðslu ekki vitjað hjá útgefanda á réttum gjalddaga mun félagið hvorki greiða dráttarvexti né verðbætur frá gjalddaga til þess dags sem greiðslunnar er krafist og hún fer fram. Greiði útgefandi ekki á gjalddaga skuldabréfanna, enda hafi skuldabréfaeigandi fyrir þann tíma framvísað með sannarlegum hætti staðfestingu á eign sinni á VS reikningi hjá reikningsstofnun, er skuldabréfaeiganda heimilt að innheimta dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndarálag, sbr. 1 mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð. Undantekning er ef gjalddagi skuldabréfanna er ekki bankadagur og útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, en þá reiknast ekki dráttarvextir. Hafi greiðsla ekki verið innt af hendi 14 dögum eftir gjalddaga eða 14 dögum eftir að innheimtubréfi hafi verið framvísað til greiðslu enda hafi skuldabréfaeigandi þá ekki fengið greitt í gegnum VS reikning hjá Verðbréfaskráningu Íslands, er skuldabréfaeiganda heimilt að fella skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Nýti skuldabréfaeigandi heimild til gjaldfellingar skal hann þegar í stað senda tilkynningu um slíkt til útgefanda. Verði skuldin gjaldfelld samkvæmt framansögðu, má gera aðför hjá útgefanda til fullnustu skuldarinnar, án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, að undangenginni greiðsluáskorun skv. 7. gr. laganna. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar, nær aðfararheimild þessi til vaxta, verðbóta, dráttarvaxta auk alls kostnaðar af innheimtuaðgerðum sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989.

**Rafræn skráning skuldabréfa:** Skuldabréfin hafa þegar verið skráð hjá Verðbréfaskráningu Íslands, Laugarvegi 182, 105 Reykjavík, í samræmi við lög nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa og þar auðkennd með nafni eigenda skuldabréfanna.

Öll skuldabréfin eru skráð á nafn og kennitölu eigenda. Gagnvart útgefanda skoðast yfirlit Verðbréfaskráningar Íslands um eigendur skuldabréfanna sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti. Greiðslur og tilkynningar eru sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi skuldabréfs. Réttindi að skuldabréfunum skal skrá í verðbréfamiðstöð ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustu-aðgerðum og ráðstöfunum með samningi. Óheimilt er að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafbréfi eða framselja þau og eru slík viðskipti ógild. Eignaskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð, að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar, veitir skráðum eiganda lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður að. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunnar um skráningu þeirra berst verðbréfamiðstöð.

**Skilmálabreyting:** Til að samþykkja skilmálabreytingu á skuldabréfaflokknum þarf samþykki 66,67% eigenda útgefna skuldabréfa flokksins. Umboðsmaður skal annast fundarboðun skuldabréfaeigenda. Fundarboðun, fundargögn og niðurstöður fundar skuldabréfaeigenda skulu tilkynnt í fréttakerfi NASDAQ OMX Iceland hf. Hafi skuldabréfin ekki verið skráð á NASDAQ OMX Iceland hf. skal útgefandi upplýsa þá um fundarboðun, fundargögn og niðurstöður fundar skv. framangreindu með aðstoð Verðbréfaskráningar Íslands.

**Greiðslustaður:** Útgefandi mun með milligöngu Verðbréfaskráningar Íslands hf. greiða af skuldabréfunum höfuðstól, vexti og verðbætur á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana þar sem skráðir eigendur skuldabréfanna hafa VS reikning. Viðkomandi reikningsstofnanir annast endanlegar greiðslur inn á reikninga eigenda.

**Framsal:** Engar hömlur eru á framsali skuldabréfanna utan þess að eingöngu er heimilt að framselja til nafngreinds aðila.

**Skattamál:** Um skattalega meðferð skuldabréfa fer samkvæmt gildandi skattalögum á Íslandi á hverjum tíma. Samkvæmt fjárukaalögum nr. 70/2009 sem breyttu lögum nr. 94/1996 um staðgreiðsluskatt á fjármagnstekjur ber á útgáfudegi þessarar lýsingar að greiða 15% staðgreiðsluskatt á fjármagnstekjur. Útgefandi ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir.

**Stimpilgjaldsskylda:** Útgefandi hefur greitt stimpilgjald af skuldabréfunum í samræmi við lög.

**Kostnaður vegna skráningu:** Útgefandi greiðir kostnað að fjárhæð ISK 1.000.000 fyrir að skrá skuldabréfin rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands ásamt árlegu gjaldi sem nemur 0,002% af markaðsverði útgáfunnar hverju sinni. Útgefandi greiðir ISK 450.000 fyrir að skuldabréfin séu tekin til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf. ásamt árlegu gjaldi sem nemur 0,001% af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni. Áætlaður heildarkostnaður vegna útgáfu og töku skuldabréfanna til viðskipta er um ISK 2.500.000

**Meðferð ágreinings:** Um skuldabréfin gilda íslensk lög. Rísi mál út af skuldabréfum má rekja það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.